# Ef þú ert súr

Ólafur Haukur Símonarson | Ólafur Haukur Símonarson




Ef þú ert fýldur þá lýkistu apa,
eða krókódíl sem er of fúll til að gapa.
Ekkert er varið í sút eða seyru.
Teygðu ´á þér munnvikin út undir eyru.
Galdurinn er að geta brosað. . .

Ef þú ert illur þá líkistu nauti
eða eldgömlum potti með viðbrenndum grauti.
Ekkert er varið í sút eða seyru.
Teygðu ´á þér munnvikin út undir eyru.
Galdurinn er að geta brosað. . .